

Skólastræti Tækniskólans ehf

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Fagleg aðstoð við yfirferð ársreiknings	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Skólastræti Tækniskólans ehf.
Kennitala 500924-1010
Skólavörðuholti
Reykjavík

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Skólastræti Tækniskólans ehf. ("félagið") var stofnað 10. september 2024 og er tilgangur félagsins bygging, rekstur og eignarhald fasteigna utan um starfsemi Tækniskólans - skóla atvinnulífsins og tengdur rekstur, í samræmi við samkomulag milli ríkisins, Hafnafjarðarbæjar og Tækniskólans ehf.

Félagið er 100% í eigu Tækniskólans ehf. sem er stærsti framhaldsskóli landsins með rúmlega 3000 nemendur og tæplega 300 starfsmenn og yfir 80 námsbrautir.

Félagið sér um uppbyggingu, rekstur og eignarhald húsnæðis í tengslum við nýjan Tækniskóla við Flensborgarhöfn í Hafnarfirði. Þann 27. júní á árinu 2024 undirrituðu skólameistari og stjórnarformaður Tækniskólans, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, barna- og menntamálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og forsætisráðherra skuldbindandi samkomulag um byggingu nýs Tækniskóla við Flensborgarhöfn í Hafnarfirði.

Starfsemin á árinu 2024

Á stjórnarfundum í nóvember 2024 voru 5 aðilar kosnir í stjórn félagsins og skiptu með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum.

Tap félagsins árið 2024 nam 9 þús. kr. og eignir námu 2,7 millj. kr. í árslok. Framkvæmdastjóri var ráðinn til félagsins frá 1. desember og var eini starfsmaður félagsins við árslok. Engin laun voru greidd til framkvæmdastjóra á árinu 2024.

Framtíðaráform

Á árinu 2025 hefur verið unnið að undirbúningi fyrir þarfagreiningu og hönnun byggingarinnar, en reiknað er með að í lok ársins muni liggja fyrir niðurstaða úr útboði á fullnaðarhönnun.

Þann 23. apríl 2025 gerði félagið viðskiptasamning við Landsbankanum um aðgang að lánaðinu til tveggja ára upp að 350 mkr. sem verður notuð til að fjármagna verkefnið fyrst um sinn. Á þessu ári verður lögð áhersla á að vinna áfram með þeim aðilum sem hafa sýnt fjármögnun verkefnisins áhuga. Meðal þessara aðila eru Norræni fjárfestingabankinn, Birta lífeyrissjóður og Arion banki.

Jöfnun taps

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun taps ársins.

Eignaraðild

Í árslok var Tækniskólinn ehf. eini hluthafi félagsins.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Skólastræti Tækniskólans ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024.

Reykjavík, 11. ágúst 2025

Stjórn og framkvæmdastjóri:

Egill Jónsson, stjórnarformaður

Sigurður Hannesson

Gunnar Guðni Tómasson

Einar Sigurðsson

Jón B. Stefánsson

Guðmundur Örn Óskarsson, framkvæmdastjóri

Fagleg aðstoð við yfirferð ársreiknings

Til stjórnar og hluthafa Skólastræti Tækniskólans ehf.

Við höfum aðstoðað við yfirferð ársreiknings Skólastræti Tækniskólans ehf. fyrir árið 2024 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við yfirferð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 11. ágúst 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Kristinn F. Kristinsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024
Rekstrargjöld		
Rekstarkostnaður		<u>195</u>
Tap fyrir afskriftir		(195)
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	3	8.631
Tap ársins		<u><u>(8.826)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024
Eignir		
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir í byggingu	3	2.029.919
Áhöld, tölvur og búnaður	3	657.221
		<u>2.687.140</u>
Eignir samtals		<u><u>2.687.140</u></u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Hlutfé		500.000
Ójafnað tap		(8.826)
	4	<u>491.174</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir	2.3.	1.790.125
Skuld við móðurfélag	2.3.	405.841
		<u>2.195.966</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>2.687.140</u></u>

Sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024
Rekstrarhreyfingar		
Tap ársins	4	(8.826)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	3	<u>8.631</u> (195)
Hækkun rekstartengdra skulda:		
Viðskiptaskuldir		1.790.125
Skuld við móðurfélag		<u>405.841</u>
		2.195.966
Handbært fé frá rekstri		2.195.771
Fjárfestingarhreyfingar		
Fasteignir í byggingu	3	(2.029.919)
Kaupverð áhalda, tölvu og búnaðar	3	<u>(665.852)</u> (2.695.771)
Fjármögnunarhreyfingar		
Stofnfé		<u>500.000</u>
Breyting á handbæru fé		0
Handbært fé í byrjun ársins		<u>0</u>
Handbært fé í lok ársins	2.2.	<u><u>0</u></u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Félagið er í uppbyggingu, rekstri og eignarhaldi á húsnæði í tengslum við nýjan Tækniskóla við Flensborgarhöfn í Hafnarfirði.

Félagið er einkahlutafélag með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Skólavörðuholti í Reykjavík.

Móðurfélag félagsins er Tækniskólinn ehf. sem er með skráð aðsetur að Skólavörðuholti í Reykjavík.

Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn félagsins 11. ágúst 2025.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru við gerð reikningsskilanna. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða innlausn, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2.1. Varanlegir rekstrarfjármunir

Allir varanlegir rekstrarfjármunir eru sýndir á kostnaðarverði að frádregnum síðari afskriftum og virðisrýmum. Kostnaðarverð felur í sér útgjöld sem má rekja beint til öflunar eða smíði eignarinnar. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Afskriftarhlutföll eignaflokka eru eftirfarandi:

Fasteignir í byggingu	0 ár
Áhöld, tölvur og búnaður	3 ár

Bókfært verð eignar er þegar í stað færð niður í endurheimtanlega fjárhæð ef bókfært verð eignar er hærra en áætlað endurheimtanlegt verð hennar. Hagnaður og tap af sölu er ákvarðaður með því að bera saman andvirðið við bókfært verð og er fært í rekstrarreikning.

Fasteignir í byggingu

Fasteignir í byggingu eru færðar til eignar á kostnaðarverði. Kostnaðarverð samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum. Eignin er ekki í notkun og eru því ekki afskrifaðar fyrr en eignin er tilbúin til notkunar í þeim tilgangi sem stjórnendur hafa ætlað. Þegar þær eru teknar í notkun færast þær undir fasteignir og aðra rekstrarfjármuna og eru afskrifaðar.

2.2. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

2.3. Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru skuldbindingar til að greiða fyrir vörur eða þjónustu sem aflað hefur verið í venjulegum rekstri frá birgjum. Viðskiptaskuldir eru flokkaðir sem skammtímaskuldir ef greiðsla er á gjalddaga innan eins árs eða skemur. Ef ekki eru þær settar fram sem langtímaskuldir.

Skuld við móðurfélag er skammtímaskuld og er hún vegna viðskipta milli félaganna.

Skýringar

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir í byggingu	Áhöld, tölvur og búnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staðan 1. janúar 2024	-	-	-
Viðbætur á árinu	2.029.919	665.852	2.695.771
Staðan 31. desember 2024	2.029.919	665.852	2.695.771
Uppsafnaðar afskriftir			
Staðan 1. janúar 2024	-	-	-
Afskriftir á árinu	-	8.631	8.631
Staðan 31. desember 2024	-	8.631	8.631
Bókfært virði			
Staða 31. desember 2024	2.029.919	657.221	2.687.140

Fasteignir í byggingu samanstendur af kostnaði sem tengist beint smíði nýrra bygginga fyrir Tækniskólann að Flensborgarhöfn í Hafnarfirði, þar með talið efni, laun, hönnunar- og ráðgjafargjöld og annan kostnað sem rekja má beint til framkvæmdanna. Í árslok 2024 hefur félagið eignfært kostnað að fjárhæð 2,0 millj. kr. vegna framkvæmdanna sem áætlað er að ljúka á árinu 2029.

4. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Hlutfé	Ójafnað tap	Samtals
Stofnfé	500.000	-	500.000
Tap ársins	-	(8.826)	(8.826)
Bókfært í lok árs 2024	500.000	(8.826)	491.174

Samtals útgefið hlutfé þann 31. desember 2024 voru 500 þús. kr. hlutfé að virði ein króna fyrir hverja krónu af nafnvirði. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutfjár.